

Hansen gegn Noregi

Dómur frá 2. október 2014

Mál nr. 15319/09

6.gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Áfrýjunarleyfi í einkamáli.

1. Málsatvik

Kærandi er norskur ríkisborgari. Árið 1989 keypti þáverandi eiginkona hans af honum fasteign á 6,4 milljón norskra króna. Fasteignin var í kaupmála sögð séreign konu kæranda. Árið 1995 gerðu þau með sér samning um að hvort um sig ætti 50% í fasteigninni. Eftir skilnað þeirra höfðaði kærandi dómsmál og vildi fá viðurkenndan rétt sinn til helming fasteignarinnar samkvæmt samningnum. Á það var ekki fallist og kaupmálinn hélt gildi. Kærandi áfrýjaði ekki þessari niðurstöðu. Árið 2005 seldi fyrrverandi eiginkona kæranda fasteignina til félagsins Ekeim Invest. Kærandi stefndi þá félaginu og vildi fá viðurkenndan rétt sinn til helming eignarinnar. Undirréttur (tingrett) sýknaði félagið af kröfum hans. Áfrýjun kæranda til millidómsstigs (lagmannsrett) var hafnað einróma af dómurunum þar sem dómarnir töldu augljóst að áfrýjun myndi ekki bera árangur. Er slíkt heimilt samkvæmt grein 29-13(2) norsku einkamálalaganna. Kærandi kærði þessa ákvörðun til Hæstaréttar Noregs á grundvelli þess að rökstuðningur skorti fyrir ákvörðuninni um að synja honum um áfrýjun. Nefnd Hæstaréttar um áfrýjunarleyfi komst einróma að því að áfrýjun myndi ekki bera árangur og synjaði því kæranda um leyfi til áfrýjunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði mál sitt á að rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun um að hafna leyfi til áfrýjunar hafi ekki verið nægilega ítarlegur og þar með hafi verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Niðurstaða

Í fyrsta lagi tók dómstóllinn til skoðunar hvort málið væri tækt til efnismeðferðar. Þrátt fyrir að í ýmsum málum hafi dómstóllinn talið að mál sem varði leyfi til áfrýjunar í einkamálum feli ekki í sér ákvörðun um rétt eða skyldu að einkamálarétti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þá þurfi að skoða hvert mál fyrir sig. Var því tekin til skoðunar þýðing þessarar ákvörðunar og aðkoma dómstóla að því. Þegar málið var skoðað í heild sinni hafði sú ákvörðun norskra dómstóla að hafna leyfi til áfrýjunar úrslitavald um niðurstöðu málsins og varðaði málið því réttindi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálanum. Var málið því tækt til efnismeðferðar.

Kærandi hafði áfrýjað bæði mati undirréttar á gögnum málsins og ákvörðun hans að stytta málsmeðferðina í fimm klukkustundir úr þrem dögum eins og upphaflega stóð til. Þessi styttri málsmeðferðartími minnkaði eðli málsins samkvæmt þann tíma sem hægt var að nota til að leiða fyrir dóminn vitni og leggja fram önnur sönnunargögn. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að millidómstigið sem neitaði kæranda um áfrýjun með einfaldri tilvísun til lagaákvæðisins án frekari skýringa hefði ekki nægjanlega sinnt hlutverki sínu sem dómstig sem endurskoðar ákvarðanir lægra dómstigs. Ennfremur hafði hagsmunum kæranda ekki verið veitt nægileg athygli við ákvarðanatökuna.

Dómstóllinn tók til skoðunar að ákvörðun millidómsstigsins hafi verið þess eðlis að mögulegt hafi verið að óska eftir leyfi til áfrýjunar til Hæstaréttar á grundvelli forms og

beitingar laganna. Hins vegar gaf rökstuðningur millidómsins ekki tilefni til slíkrar áfrýjunar og þar af leiðandi var kæranda ekki kleift að leita réttar síns til fullnustu.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Var niðurstaðan um að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda, auk þess sem norskum landslögum hefði nú verið breytt í þessu tilliti talið fela í sér nægilegar úrbætur til kæranda og voru honum því ekki dæmdar bætur.